

1. apríl 2022

Bílgreinasambandið (BGS) sameinast Samtökum verslunar og þjónustu (SVP)

Í upphafi árs 2021 ákváðu stjórnir Bílgreinasambandsins og SVP að hefja náið samstarf á hagsmunasviðinu með undirritun samstarfsyfirlýsingar. Markmiðið er að efla þjónustu við félagsmenn í samskiptum við stjórnvöld, í lögfræðilegum álitamálum og fræðslu- og menntunarmálum ásamt því að styrkja rekstur beggja samtaka.

Umbreyting í rekstrarumhverfi fyrirtækja kallar á samvinnu

Kveikjan að þessu nána samstarfi var sú að rekstrarumhverfi fyrirtækja í bílgreinum, í verslun og í þjónustu almennt verður sífellt flóknara, með auknum kröfum af margvíslegu tagi sem m.a. leiða til aukinna samskipta við stjórnsýsluna. Samvinna eflir þessi samskipti, eykur þjónustu og upplýsingagjöf og er til mikillar hagræðingar fyrir félagsmenn. Hún er ekki síður hagræðing fyrir stjórnsýsluna sem þarf þá að taka við færri umsögnum sem oftast en ekki eru efnislega sambærilegar. Sífellt hraðari tækniþróun kallar á aukna fræðslu og menntun sem samtökin geta eflt enn frekar með samvinnu.

Í ljósi reynslunnar af góðu samstarfi milli SVP og BGS ákváðu stjórnir samtakanna að tillaga um sameiningu yrði lögð fyrir aðalfundi samtakanna. Niðurstaða auka aðalfundar BGS (Bílgreinasambandsins) þann 17. febrúar s.l. var einróma samþykki sameiningar við SVP. Á aðalfundi SVP sem fór fram 17. mars s.l. var endahnúturinn hnýttur með einróma samþykki stjórnar SVP. Sameiningin tekur formlega gildi frá og með deginum í dag, 1. apríl 2022.

„Við sjáum fram á áframhaldandi samlegðarávinning á fjölmörgum sviðum. Samskipti við stjórnsýsluna verða markvissari og öflugri, og að félagsmenn Bílgreinasambandsins munu njóta áfram góðs af aðgengi að fræðsludagskrá SVP. Við erum spennt fyrir áframhaldinu og væntum mikils af þessu samstarfi,“ segir Jóhannes Jóhannesson, staðgengill framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins við tækifærið.

Jón Ólafur Halldórsson formaður SVP, fagnar staðfestingu á sameiningunni, enda ljóst að með því að BGS sameinist Samtökum verslunar og þjónustu verði samtökin enn sterkara hagsmunaafl fyrir félagsmenn sína. *„Í ljósi mikilla breytinga í fyrirtækjarekstri og nýjum áskorunum á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar fögnum við þessari sameiningu og hlökkum til að byggja enn frekar upp tengsl og ávinning fyrir alla hagsmunaaðila“*

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA fagnar þessum tímamótum. *„Með sameiningu BGS og SVP fá félagsmenn Bílgreinasambandsins aðgang að öflugri þjónustu SVP og SA um leið og samtökin sjálf fá liðsstyrk öflugra nýrra félagsmanna. Við fögnum þessari sameiningu og teljum hana til heilla fyrir alla aðila og ánægjulegt að yfir 100 fyrirtæki innan bílgreinar bætist í sterkan hóp fyrirtækja innan vébanda Samtaka atvinnulífsins.“*

Nánari upplýsingar veita:

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ

Sími: 820 4500

Jóhannes Jóhannesson, staðgengill framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins

Sími: 568 1550